

Ed.

523. Nefndarátt

um frv. til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um þetta frumvarp.

Eins og tekið er fram í álitni háttv. meiri hluta, hefir frv. legið fyrir háttv. Nd. mestan hluta hins langa þingtíma og er vísað til allsherjarnefndar hjer 19. f. m., einmitt á þeim tíma, er mestar annir við fjárlögin hvíldu á nefndarmönnum, sem allir eru einnig í fjárveitinganefnd deildarinnar.

Jeg get að miklu leyti tekið undir það með háttv. meiri hluta, að málið sje nokkuð »umfangsmikið«, þó jeg vilji fremur telja það flókið og varhuga-vert, og að það sje því »að vísu engin furða, þótt málið væri lengi á leiðinni í háttv. Nd.«. Mjer þykir nú samt Nd. hafa haldið þessu frv. óþarflega lengi hjá sjer, eins og reyndar fleiri málum, og heldur finst mjer það reka sig hvað á annað hjá háttv. nefndarmönnum, að þykja tæpar 10 vikur hæfilegur eða síst of langur tími fyrir háttv. Nd. til athugunar þessa máls, en geta þó jafnframt lýst því yfir, að þeir hiki ekki við að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt og muni greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það. Þetta segir háttv. meiri hluti eftir að hafa skýrt rjettilega frá því, að nefndin hefir að heita má ekkert getað athugað þetta mikilsverða mál þær 2 vikur, er það hefir verið hjá henni, vegna þess, að þá var hún að starfa að fjárlögunum.

Jeg verð alvarlega að mótmæla þessari skoðun háttv. meiri hluta sem rangri og jafnvel hættulegri. Þykir mjer ekki ólíklegt, að svona skoðanir hafi

einkum orðið þess valdandi og stuðlað að því, að álit þjóðarinnar á löggjafarstarfsemi Alþingis virðist fara hniguandi, enda mun því tæpast verða móti mælt með rökum, að mjög mikið af tíma síðustu þinga hefir farið til að endurbæta nýleg eða ný lög.

Að sjálfsögðu hefi jeg ekki, fremur en háttv. meðnefndarmenn mínir, haft nema mjög lítinn tíma til að setja mig inn í málið, en samt dylst mjer ekki, að ýms ákvæði frumvarpsins eru mjög óhagkvæm og erfið í framkvæmd, i. d. reglurnar fyrir skiftingu útsvara í 12. gr., sem mega heita broslega flæktar og saman tvinnadar án þess að rjettlæti náist með þeim.

Þá tel jeg engan vafa á því, að þau ákvæði frumvarpsins, að reikningsár sveita skuli vera almanaksárið, eru mjög til hins verra hvað hreppana snertir, þótt það muni eiga betur við í kaupstöðunum; því til sönnunar vil jeg benda á, að fólksflutningar milli hreppa eru nær eingöngu kringum fardagana, eða við lok reikningsárs þeirra nú. Einnig er hentugast viðvíkjandi ráðningu á þurfamönnum hreppa, að reikningsárið þar sje fardagaárið eins og nú er, en ekki almanaksárið.

Þessi fyrirhugaða breyting á reikningsárinu, ef að lögum verður, mun því hvað sveitirnar snertir verða mjög tii að auka hina fyrirhafnarsömu skifting útsvara milli hreppa, sem oft mun verða deiluefni milli þeirra, og þau útsvör, sem þannig verða lögð á sama gjaldanda í tveimur eða fleiri stöðum, hafa að þessu ekki þótt reynast sanngjarnari en ef útsvarið er lagt á hann á einum stað, heldur hið gagnstæða.

Þá verð jeg að álíta það mjög óheppilegt, að fyrsti aðalgjaldlagi á útsvörum í hreppum er settur 15. júlí, eða um mánuði síðar en mestar greiðslur þeirra eiga að fara fram, svo sem sýslusjóðsgjöld, vegagjöld, þurfamannaframfæri o. fl.

Í frumvarpinu virðist yfirleitt lítið eða ekkert tillit tekið til þess, hvað hentugast er fyrir sveitirnar, sem að líkum stafar annaðhvort af því, að höfund eða höfunda þess hefir skort kunnugleika þar, eða þá að sjónarhringur þeirra hefir ekki náð neitt að gagni út fyrir kaupstaðina.

Þótt mikið sje dásamað af ýmsum, hve hentugt muni að hafa ein lög um þetta efoi fyrir alt landið, verð jeg að líta svo á, eftir að hafa nokkuð kynt mjer frumvarp þetta, að betur myndi reynast að hafa sjerstök lög hjer að lútandi fyrir hreppana og önnur fyrir kaupstaðina og kaaptún, sem eru hreppsþjelag út af fyrir sig. Og ekki er jeg í neinum vafa um það, að mörgum bótum þurfi hið háa Alþingi að sletta á frumvarpið, ef háttv. deild samþykkir það nú óbreytt.

En þar sem jeg, eins og að framan er getið, hefi alls ekki fengið tíma til að athuga frumvarpið nægilega, og þar sem háttv. meiri hluti kveðst ætla sjer að greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það, og þá eins þeim, er að þeirra áliti kynnu að vera til bóta, verður þetta, einkum þó hið fyrtalda, til þess, að jeg ber ekki fram nema tiltölulega fáar breytingar við frumvarpið, en nái þessar tillögur minar samþykki háttv. deildar, draga þær þó til góðra muna úr nokkrum af stærri annmörkum þess.

Legg jeg svo til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 3. gr. Fyrir »sýslunefnd« komi: sýslumaður.
2. Við 4. gr. 1. a. Á eftir »verðmætar« komi: og.
b. Orðin »og hversu afgangskuldu« falli burt.
3. Við 9. gr. 1. b. Aftan við liðinn bætist: enda láti útgerðarmaður fullverka aflann á staðnum.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður.
5. Við 16. gr. Síðari málsgrein falli burt.
6. Við 17. gr. Orðin »konur geta skorast undan kjöri« falli burt.
7. Við 21. gr. Fyrir »febrúar—maí og bæjarstjórna« komi: frá 1. mars til 15. apríl.

Alþingi, 6. maí 1926.

Guðm. Ólafsson,
frsm. minni hl.